




Snið A-A, Mkv.: 1:200



Snið B-B, Mkv.: 1:200



Snið C-C, Mkv.: 1:200



Snið D-D, Mkv.: 1:200

**LÝSING VIÐBYGGINGAR 2008**

Burðarbitar og langbönd eru úr límtré. Þak er klætt með ST-107bV polyúreþaneiningum. Veggir eru klæddir með 100mm steinullareiningum og standandi trapzúklæðningu sem ysta byrði. Effir endilöngum mæni hússins eru 2x1,5m breiðir þakgluggar í tvöföldu þekkingli.

**Flatamál hús ásamt fylgirympi:**

Vinnusalur	5.390m <sup>2</sup>
Starfsmannaæðst. 1. hæð	240m <sup>2</sup>
Starfsmannaæðst. 2. hæð	227m <sup>2</sup>
Aðalbygging samtals	5.857m <sup>2</sup>
Timburlager	210m <sup>2</sup>
Timburskýli	168m <sup>2</sup>
<b>Heildarflatarmál</b>	<b>6.235m<sup>2</sup></b>

**RÚMMÁL**

Aðalbygging	38.985m <sup>3</sup>
Timburlager	798m <sup>3</sup>
Timburskýli	638m <sup>3</sup>

<b>Heildarrúmmál með stækkun</b>	<b>40.421m<sup>3</sup></b>
----------------------------------	----------------------------

**Niðurstöður brunavarna**

Brunasamtæður/ brunahölfun  
Byggingin myndar tvær brunasamtæður, vinnusal/lager og skrifstofudeild. Brunahölf skulu almennt vera a.m.k. E1 60 veggir með E12 30-C5m/E 30-C5m hurðum. Gler í brunahölfandi veggjum er almennt a.m.k. E30.  
Vinnusalur og lager í viðbyggingu verða eitt brunahölf.  
Stjórnsstöð vatnsúðakerfis, töflurými og járnsmíða verða sér brunahölf.  
Skrifstofur og búningaæðstaða á fyrstu hæð eru aðskilin brunahölf.  
Mötuneyti og skrifstofur/fundarherbergi á annari hæð eru aðskilin brunahölf.  
Stigi og gangur á báðum hæðum eru sér brunahölf.  
Timburlager og timburskýli eru timburgeymslur utanhúss og samþykktar sem sílfar.  
Lyftarahlésla verður í úthöfni milli timburlagera með brunahölfun á þrjú vegu og verður búin útsögu, neyðarsturtu og augnskoli.  
Hurðir í brunahölfun mega vera á hurðasegum sem sleppa þeim við boð frá brunavörðunarkerfi.

**Burðarvirki**  
Hér er um eldri byggingu að ræða og gert ráð fyrir að eldra burðarvirki uppfylli kröfur byggingarreglugerðar. Brunamótstaða nýrra aðalburðarvirka verður a.m.k. R60. Brunamótstaða burðarvirkis stiga er a.m.k. A-R30. Hæðaskili eru a.m.k. RE160.  
**Klæðningar**  
Eldri útveggir í 1. og 2. áfanga eru klæddir gíflaplötum að innan en bárustáli að utan. Útveggir í 3. og 4. áfanga eru samtökueiningar með steinullar einangrun. Eldri þök og þak viðbyggingar eru/verða úr PIR samtökueiningum. Þær uppfylla ekki almennar kröfur til klæðninga í flokki 1. PIR klæðningar skulu uppfylla EURIFIC-flokkun C eða samsvarandi EURO flokkun þegar prófað er eftir staðlinum ISO 9705. Ytri klæðningar milli timburlagera og timburskýlis skulu vera í flokki 1. Klæðningar neðan á svölum eru í flokki 1 og upphengd loft úr A-efnum. Klæðningar innanhúss eru ekki allar í flokki 1. Klæðningar í flokki 2 verða settar í flokk 1 samhlíða eðlilegu viðhaldi. Allar aðrar nýjar klæðningar verða í flokki 1. Gólfefni eru/verða í flokki G.

**Flóttaleidir**  
Flóttaleidir eru skv. BSI DD:9999:2005, skv. flokki A2. Hvergi er lengra en 45 m (+55 m) í útgang eða annað brunahölf. Frá stærri brunahölfum eru a.m.k. tvær óháðar flóttaleidir. Frá matsal verður önnur flóttaleid in svahir og með fellistíla niður á jafnstíttu.

**Brunavörðunarkerfi**  
Viðurkennt númerað brunavörðunarkerfi skv. reglum Brunamálastofnunar verður í skrifstofuhúla hússins og tengist vatnsúðakerfið stjórnsstöð þess. Auk þess verða handboðar við helstu útganga í vinnusal. Kerfið verður tengt viðurkennri vaktstöð. Stjórnsstöð ásamt yfirlitsmynd verður í anddyri hússins.

**Loftrásikerfi**  
Þannig skal gengið frá loftrásikerfum að þau rýni ekki brunahölfun byggingarinnar og stuðli ekki að reykúbráðslu við bruna. Ekki er gert ráð fyrir loftrásikerfum sem ganga milli vinnusalur og skrifstofudeilda.  
Loftrásikerfi/innblásturskerfi skal slökkva á sér við boð frá brunavörðunarkerfi.

**Reyklosun**  
Reyklosun frá skrifstofudeild verður um glugga og hurðir. Reyklosun frá vinnusal og lager verður með ofanljósum í mæni úr aurbrennlega plasti (t.d. polycarbonat). Ofanljósið samsvarar ca. 8% af gólfleiti sem er langt umfram reyklosunarþörf (sem er 1-2%).

**Vatnsúðakerfi**  
Sjálfvirk vatnsúðakerfi skv. reglugerð nr. 245/1994 verður í öllu húsinu. Vatnsúðakerfið verður tengt stjórnsstöð brunavörðunarkerfis. Klefi fyrir stjórnsstöð kerfisins verður í sér brunahölf og aðgengilegur utanfrá. Tengistútur slökkviliðs verður á útvegg stjórnsstöðvarinnar og staðsetning greinilega merkt. Í skrifstofudeild verður blautkerfi í flokki OH 1. Í vinnusal og viðbyggingu verður blautkerfi í áhættuflokki HHS, Cat II (sagað timbur, stíflað án millibíla) með mestu stöflunarhæð timburs 3,5 m. Í timburskemum og skýlum verður þurrkerfi í sama flokki (25% meiri vatnsþörf). Hönnuður vatnsúðakerfisins er ábyrgur fyrir endanlegri flokkun kerfisins og skal afta samþykktar Brunamálastofnunar á henni.

**Slöngukefli og slökkvitæki**  
Slöngukefli verða sett upp í öllu húsinu þannig að brunaslöngur nái út í öll horn. Slökkvitæki skulu m.a. staðsett við brunaslöngur en auk þess vera í eða við matsal, búningaklefa, tæknirými og þar sem sérstök eldhætta er. Hámarks fjarlægð í næsta slökkvitæki má hvergi vera meira en 25 m. Slökkvitækin skulu sett upp af viðurkendum aðila. Staðsetning brunaslöngu og slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum af hæfilegri stærð miðað við sjónfjarlægð.

**Út- og neyðarlýsing**  
Út- og neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð. Reikna skal með a.m.k. 1 lux á flóttaleidum en 0,5 lux í stærri rýmum (>60 m<sup>2</sup>) svo sem í mötuneyti, vinnusal og salernum fyrir falltaða. Sérstaklega þarf að huga að neyðarlýsingu þar sem rafmagnsleysi getur orsakað slysaættu. Neyðarlýsing verður í tæknirýmum. Lýsing þarf að vera utanhúss við útdyri flóttaleida.

**Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa**  
Þjónustusamningur verður gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum hússins (vatnsúðakerfi, brunavörðunarkerfi ásamt jáðarbúnaði, brunavarnabúnaði loftrásikerfa, handvirkum slökkvibúnaði, út- og neyðarlýsingu). Sett skal upp eigið eftirlitskerfi brunavarna fyrir Límtrésverksmíðju Flúðum.

Brunahönnun er gerð af VSI, verk nr. 07-217. Brunahönnuninni fylgir skýrsla.

Númer	Dags	Skýring breytingar	Br. af
ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR AÐ HLUTA Eða Í HEILD ER HÁÐ SKRIFLEGU LEYFI BM VALLÁ EHF.			
		Byggingasvið Gylfafjötur 9, 112 Reykjavík t. 530669-0179 Sími 412 5060 - Fax 412 5061	MKV. 1:250, 1:200 TEIKN IH DAGS. 25.01.2008 VERKNR. BI ÚTGÁFA NR. NR. TEIKNINGAR
HEITI VERKS: Límtrésverksmíðja Flúðum		NAFN HÖNNUÐAR Bjarni Ingbergsson Byggingatæknifræðingur t. 030861-2729	<b>B01</b>
HEITI TEIKNINGAR Grunnmynd - Þversnið A, B, C, D Viðbygging - 4 áfangi		ÁRITUN HÖNNUÐAR ÁRITUN SAMRÆM HÖNNUÐAR	DAGS-ÁRITUNAR DAGS-ÁRITUNAR 27.08